

## Fyrsti fundur fötlunarráðs Norðurbings

30. janúar 2019

Fundinn sátu: Sigríður Hauksdóttir, Karólína Kr. Gunnlaugsdóttir, Arna Þórarinsdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Einar Víðir Einarsson, Hermína Hreiðarsdóttir og Berglind Jóna Þorláksdóttir.

1. Ný og breytt ákvæði um notendaráð = fötlunarráð.

*Sigríður Hauksdóttir fór yfir ný og breytt ákvæðu um notendaráð á grundvelli laga sem tóku gildi þann 1. október 2018.*

2. Nánar um samráðshóp um málefni fatlaðs fólks og hlutverk.

*Sigríður Hauksdóttir fór yfir helstu málefni fötlunarráðs og praktísk atriði varðandi starfsemi ráðsins. Tengingu ráðsins við stjórnarsýsluna, fundargerðir fara til kynninga í fjölskylduráði en til þess að erindi fái formlega meðferð þarf að koma sérstaklega á framfæri tillögu þar um. Fötlunarráð er ekki hluti af stjórnarsýslu viðkomandi sveitarfélags. Rætt um að kynna ráðið á heimasíðu sveitarfélagsins og öðrum miðlum íbúum Norðurbings til upplýsinga.*

3. Fundasköp.

*Berglind Jóna Þorláksdóttir fór yfir fundarsköp fyrir fötlunarráð, samþykktir Norðurbings og hlutverk formanns og ritara ráðsins.*

4. Umfjöllunarefni ráðsins.

*Rætt var um helstu umfjöllunarefni ráðsins. Umfjöllunarefni eru mörg sem snúa að málefnum fatlaðs fólks.*

5. Fræðsla um ráð og myndband.

*Rætt var um fræðslu um notendaráð frá verlferðarráðuneytinu sem haldinn var 10. apríl 2018 um stofnun og starfsemi notendaráða fyrir fatlað fólk. Upptakan er*

aðgengileg á vefslóðinni: [https://www.youtube.com/Watch?v=C7wG4\\_rKFEQ](https://www.youtube.com/Watch?v=C7wG4_rKFEQ).

Fundarmenn hvattir til þess að horfa á fræðsluna.

6. Kosið í hlutverk, formaður, varaformaður og ritari.

Ráðið skiptir með sér verkum á eftirfarandi hátt;

Formaður: Arna Þórarinsdóttir

Varaformaður: Einar Víðir Einarsson

Ritari: Hermína Heiðarsdóttir

Berglind Jóna Þorláksdóttir, skrifstofu- og skjalastjóri, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 16:00

Hermína Heiðarsdóttir  
Einar Víðir Einarsson

Jóna Rún  
Jóna Þorláksdóttir  
Sigríður Hauksd  
Karolina K. Gunnlaugsdóttir